

Reykjavík, 24. mars 2017

Niðurstaða athugunar á eftirliti með peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá Valitor hf.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á aðgerðum gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka hjá Valitor hf. með bréfi dagsettu hinn 4. ágúst 2016. Athugunin beindist að framfylgni Valitor hf. við lög nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka vegna færsluhirðingar félagsins erlendis, sbr. einnig leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 5/2014 um aðgerðir gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Markmið athugunarinnar var að kanna hvort verklag félagsins í tengslum við könnun á áreiðanleika upplýsinga um viðskiptamenn, reglubundið eftirlit, tilkynningarskyldu og innra eftirlit væri í samræmi við II., III. og V. kafla laganna.

Niðurstaða athugunarinnar lá fyrir í mars 2017 og er byggð á gögnum og upplýsingum miðað við stöðuna eins og hún var á þeim tíma sem athugunin hófst.

Það var niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að framkvæmd, verklag og eftirlit Valitor hf. í tengslum við aðgerðir gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka vegna færsluhirðingar félagsins erlendis sé í samræmi við þær meginkröfur sem gerðar eru í lögum nr. 64/2006, sbr. einnig leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 5/2014 um aðgerðir gegn peningapvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Samkvæmt athugun Fjármálaeftirlitsins voru þeir þættir sem vettvangsathugunin beindist að almennt í góðu horfi og telur Fjármálaeftirlitið að stjórnendur Valitor hafi gott viðhorf til eftirlits.